

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum, og skal hann þá taka sér íslenskt fornafn. Börn hans skulu taka sér íslensk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 20. maí 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

Nr. 21.

23. maí 1975.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 29 29. apríl 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Stjórn sjóðsins skal heimilt að taka í tölu sjóðfélaga starfsmenn bæjar-, sýslu- og hreppsfélaga og stofnana, er þeim til heyra og sérstakan fjárhag hafa, starfsmenn landshlutasamtaka sveitarfélaga, starfsmenn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og starfsmenn aðildarfélaga bandalagsins ásamt starfsfólki sparisjóða, samnorrænna stofnana og uppeldis- og heilbrigðisstofnana, sem reknar eru af sjálfstæðum styrktar- eða líknarfélögum, svo og starfsmenn stjórnmalaflokka, sem voru í starfi árið 1971 eða hófu starf síðar, enda séu uppfyllt skilyrði 3. gr. 1.a. um ráðningartíma og aðalstarf.

2. gr.

Aftan við 10. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Íðgjöld starfsmanna stjórnmalaflokka, svo og íðgjöld launagreiðenda þeirra, skulu miðuð við tiltekna launaflokka ríkisstarfsmanna eftir samkomulagi starfsmanna og launagreiðenda að tilskildu samþykki fjármálaráðherra. Sama gildir um kaup þeirra á réttindum fyrir liðinn starfstíma, sem þeir skulu eiga rétt til, sbr. 5. gr.

3. gr.

1. málslíður 2. málsg. 14. gr. laganna orðist svo:

Upphæð makalífeyris er hundraðshluti af launum þeim, sem á hverjum tíma fylgja starfi því, er hinn látni gegndi síðast.

4. gr.

Á eftir 5. málslíð 1. málsgreinar 17. gr. laganna komi:

Hafi hann verið sjóðfélagi í 15 ár eða lengur í þjónustu ríkisins eða sjálfseignarstofnunar, sem fengið hefur aðild að sjóðnum, miðast elli- og makalífeyrir þó við launin eins og þau eru, þegar lífeyrisgreiðslur byrja.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felld úr gildi lög nr. 23 22. apríl 1967 og lög nr. 49 26. maí 1972, um breyting á lögum nr. 29 29. apríl 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Gjört í Reykjavík 23. maí 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Á. Mathiesen.

23. maí 1975.

Nr. 22.

L Ö G

um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.

FÖRSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Með tónlistarskóla er í lögum þessum átt við skóla, sem fullnægir eftirgreindum skilyrðum:

- 1) Hefur a. m. k. einn fastan kennara, auk stundakennara.
- 2) Starfar minnst sjö mánuði á ári og lýkur með prófum og opinberum nemendatónleikum.
- 3) Veitir hverjum nemanda kennslu í aðalnámsgrein, eina stund í viku. Auk þess séu a. m. k. tvær aukanámsgreinar kenndar í hóptímum (tónfræði, tónheyrn, tónlistarsaga og samleikur).
- 4) Hefur a. m. k. 30 nemendur.

2. gr.

Tónlistarskólar, sem fullnægja framangreindum skilyrðum, skulu fá styrk úr ríkissjóði og frá viðkomandi sveitarfélagi, er nemi launagreiðslum til skólastjóra og kennara skólanna. Sveitarstjórn ræður skólastjóra og kennara að fengnum tillögum skólanefndar og teljast þeir starfsmenn sveitarfélagsins. Sveitarfélagið annast launagreiðslur, en ríkisstyrkur, er nemi 50% launakostnaðar, skal mánaðarlega greiddur sveitarfélaginu, enda séu laun greidd samkvæmt gildandi kjarasamningum á hverjum tíma.

Skólanefnd, skipuð fulltrúum eignaraðila skólans, fer með fjárreiður skólans, en viðkomandi sveitarfélag skal ávallt eiga fulltrúa í nefndinni.

Ef fleiri en eitt sveitarfélag stendur að rekstri tónlistarskóla, gera þau með sér samning um fyrirkomulag greiðslna og kostnaðarskiptingu.

Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins er heimilt að taka starfsmenn tónlistarskóla, sem starfa samkvæmt lögum þessum, í tölu sjóðfélaga, sbr. 4. gr. laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og önnur ákvæði þeirra laga.

3. gr.

Rekstrarstyrkir til tónlistarskóla skulu ákveðnir í fjárlögum. Gerir menntamálaráðuneytið í sambandi við undirbúning fjárlaga tillögu um fjárveitingu til hvers skóla um sig, með hliðsjón af starfsemi og fjárhagsafkomu skólans síðasta starfsár, sbr. 4. gr.